

Nd.

552. Nefndarátt

um frumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Nefndin er sammála um, að frv. sje til bóta. Í nefndarálti efri deildar um málið stendur, að biskup hafi leitað álits allra sóknarnefnda á landinu, og hafi mikill meiri hluti þeirra, er svöruðu, talið breytinganna æskilega rjettarbót.

Breytingar frá gildandi lögum eru þessar helstar:

Að prestskosning fer fram í hverri sókn. Áður stofnaði prófastur til kjörfundar fyrir alt prestakallið. Sóknarnefnd stýrir kosningu í hverri sókn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5, ganga 2 úr eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður undirkjörstjórnar. Áður stýrði prófastur og fulltrúar sóknarnefndar eða sóknarnefnda kosningunni.

Yfirkjörstjórn skipar nú biskup og 2 menn aðrir, er stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn. Undirkjörstjórnir senda atkvæðaseðlana beint til yfirkjörstjórnar.

Leynileg kosning fer fram, þótt að eins sje 1 umsækjandi. Áður leitaði kjörstjórn að eins munnlegra atkvæða fundarmanna, þegar um 1 var að velja.

Í gildandi lögum stendur, að landsstjórnin sje ekki *beinlínis* bundin við kosninguna, ef enginn hefir náð meiri hluta greiddra atkvæða, eða gölluð er kosningin.

Orðinu »beinlínis« er nú slept úr, og virðist það ekki skifta miklu máli.

Fleiri breytingar eru, sem hjer verða ekki taldar, en yfirleitt álitum vjer frumvarpið til bóta og hagræðis fyrir söfnuðina, og hefir ekki teljandi kostnað í för með sjer.

Leggjum vjer því eindregið með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 25. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Jón Jónsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
skrifari.

Benedikt Sveinsson.

Sigurður Sigurðsson.